

## **Stjórnarfundur Sundráðs ÍRB. 1. mars 2011**

### **18. fundur**

**Mættir: Lúðvík, Falur, Hjördís, Elín Rós, Harpa, Anna Gunnlaugs, Elsie, Herdís, Hjördís, Ævar, Haraldur, Júlíus, Guðný, Sigurbór, Guðmundur og Sigurbjörg. Kolbrún Marels og Anthony komu á fundinn undir ákveðnum liðum.**

#### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Farið yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt.

#### **2. Punktar frá þjálfarafundí**

Ant fór yfir síðasta þjálfarafund. Næsti æfingardagur verður 29. apríl á föstudegi. Rætt um verðlaun á uppskeruhátíð. Einnig var rætt um kröfur til sundmanna í hverjum hópi á þessum fundi.

#### **3. Bikar 2011**

Botninn tekinn upp miðvikudaginn 9. mars kl. 18. Ant biður um að fá næginlega margar brautir úti til að æfa og Sigurbór talar við Bigga um það. Harpa stofnar nýja undirsíðu fyrir Bikar. Þar verða upplýsingar um vinnu okkar fólks á Bikar og tengill á SSÍ síðuna.

Ábending um að hafa ekki lambakjöt í hádeginu og verður IGS beðið um að koma með nýja hugmynd. Okkar sundmönnum boðið að kaupa sig inn í matinn á kostnaðarverði.

Mæting kl. 17:00 á fimmtudaginn til að undirbúa og svo er mæting 14:30 á föstudeginum. Frágangur byrjar svo kl. 17:00 á laugardeginum.

Ákveðið að hafa keppni á milli kvenna og karla á bikar meðal okkar sundmanna. Ævar kaupir bikar sem ber heitið Keppni kynjanna.

#### **4. Skráningarfórm**

Er í vinnslu hjá Ant og Hjördísi.

#### **5. Sparisjóðsmót**

Spurning um að Badda og Lúðvík taki að sér að versla verðlaun bæði fyrir mótið og lokahófið. Tilkynning um mótið þarf að fara út sem fyrst. Ant gerir innkaupalista fyrir Böddu og Lúlla.

#### **6. Árshátíð/Uppskeuhátíð**

Lokahóf eftir Sparisjóðsmótið. Þeim sem fá verðlaun verður boðið að kaupa miða fyrst og síðan þeir sem vilja kaupa koma næstir. Getum fengið FS salinn og gerum ráð fyrir að fá um 250 gesti. Fáum tilboð í matinn frá IGS og þurfum að redda diskum. Happdrætti meðal sundmannanna. Fundarmenn beðnir um að huga að happdrættisvinnungum.

#### **7. Samningar við styrktaraðila**

Gengið hefur verið frá samningum um skilti við sundlaugina:

5 ára samningur við Ný-Sprautun

3 ára samningur við Vís

Olís er í startholunum og fjárlunarnefnd hefur samband við þá.

Byko er enn þá að hugsa málið

1 árs samningur við TM

3 ára samningur við Sjóvá

Lýsi kaupir skilti í eitt ár.

Toyota skilti í eitt ár.

Restina af skiltunum raðað á fólk.

## **8. Cross-fit og Gígja**

Sundmenn borga 5000 kr. fyrir Cross-fit þjálfun fram á vor. Þjálfunin er einu sinni í viku. Sundmenn geta notað sundsjóð sinn.

## **9. Styrkir til sundmanna ÍRB 2011**

Greitt verður 20% af kostnaði sundmanns en þó aldrei meira en kr. 25.000 fyrir hvert verkefni.

Lagt til að í framtíðinni verða ekki sundmenn sem fara í æfingarferðir ekki styrktir heldur greiðir sundráð kostnað við þjálfara og fararstjóra þannig að sjá kostnaður leggist ekki við kostnað sundmanna. Kemur svipað út og einfaldar allt ferlið.

## **10. Önnur mál**

- a) Rætt um að byrja undirbúning og söfnun fyrir næstu utanlandsferð. Halda foreldrafund.
- b) Rætt um hvort að hægt væri að hafa sjóð sundmanna sýnilegt á netinu. Til dæmis setja excel skjal á pdf-form og setja á heimasíðun. Rætt um að sameina sjóðina undir eina stjórn.
- c) Ræða þarf við Olís um fjáraflanir og sölur frá þeim.
- d) Sundhettur. Falur hefur lagt inn pöntun fyrir 200 nýjum hettum og fáum við þær eftir 3 vikur. Seljum hettunnar á 1000 kr. á öllum mótum, í sjoppunni og á foreldrafundum. Þjálfarar skila óseldum hettum til Fals og hann sér um að selja.
- e) Páskamót 28. apríl kl. 17:00.
- f) Langsundsmót mánudeginum 11. apríl eftir ÍM50 og reynum að byrja um 17:30 þegar upphitun er lokið.
- g) Vinna fyrir eldri sundmenn í sumar. Gunnar, Soffía, Jóna, Kristófer, Erla og Jón Águst. Elsie ræðir við Reykjanésbæ um laun fyrir þessa krakka.
- h) Sumarnámskeið í sundi. Gummi ræðir við Inga um skipulagið.
- i) Bolur fyrir ÍM50. Edda kynnti. Verður inní gjaldinu fyrir ÍM50.
- j) Rukka þarf inn SSÍ gjöld.
- k) Auglýsing fyrir ÍM50. Rætt um kostnað við að auglýsa í Víkurfréttum og Tíðindum. Ákveðið að birta auglýsinguna í Tíðindum þar sem við fáum mun betri samning.
- l) Styrktaraðilar sundsins. Ákveðið að fara af stað með að safna vinum Sundráðs ÍRB.

Næsti fundur verður 29. mars kl. 19:15.